

**Sp. 354. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]**  
um almennar skoðanakannanir.

Flm.: Páll Pétursson, Alexander Stefánsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir setningu laga um almennar skoðanakannanir.

**G r e i n a r g e r ð .**

Augljós er nauðsyn þess að sett verði sem fyrst löggjöf um almennar skoðanakannanir á Íslandi. Reynslan hefur sýnt að ekki er það lýðræðislegri stjórnskipan eða eðlilegri skoðanamyndun í þjóðfélaginu til framdráttar að óvandaðir aðilar eða pólitísk áróðursmálgögn hafi leyfi til þess að framkvæma „athuganir“ sem þeim síðan haldist uppi að kalla marktækar skoðanakannanir um hin mikilvægustu efni.

Það er tvímælalaust hægt með óvönduðum og hlutdrægum skoðanakönnunum, sem blásnar eru út í fjölmiðlum, að hafa veruleg áhrif á skoðanamyndun almennings í landinu og vekja þannig athygli á eigin áhugamálum og skoðunum eða söluvörum með óeðlilegum hætti í áróðursskyni.

Ekki ber að amast við skoðanakönnunum í þjóðfélaginu sem framkvæmdar eru á marktækan hátt og af hlutlausum og vönduðum aðilum. Því er það brýnt að settar verði skorður við því, að þjóðmálaskúmar, kaupahéðnar eða áróðursapparöt geti sett á svið hömlulaust eitthvað sem þau geti kallað almennar skoðanakannanir og unnið þannig sjónarmiðum sínum eða skjólstaðingum brautargengi.

Þess vegna er það fyllilega tímabært að sett verði löggjöf um þetta efni og ákveðin skilyrði lögfest um óhlutdrægni og visindalega nákvæmni.